

Samantekt samráðs í máli nr. S-81-2025

Áform um tillögu til þingsályktunar um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2026-2030.

Áform um tillögu til þingsályktunar um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2026-2030 voru birt í Samráðsgátt stjórnvalda, 25. apríl - 30. maí.

Stjórnvöld leggja áherslu á forvarnir til að uppræta kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni. Fyrsta heildstæða forvarnaáætlunin gegn slíku ofbeldi meðal barna og ungmenna var samþykkt árið 2019 og gildir til 2025.

12 umsagnir bárust frá eftirfarandi aðilum: Öryrkjabandalagi Íslands, Landsamtökunum Þroskahjálp, Stígamótum, Sambandi íslenskra framhaldsskólanema, Kennarasambandi Íslands, samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs, Ráðgjafar- og greiningarmiðstöðinni, Æskulýðsvettvangnum, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, Ungmennafélagi Íslands, Íþrótta- og ólympíusambandi Íslands, og Fjölmíðlanefnd.

Almennt lýstu umsagnaraðilar ánægju með áformin og lýstu yfir vilja um samstarf við gerð og framkvæmd þingsályktunarinnar.

Fjölmíðlanefnd

Fjölmíðlanefnd fagnar áformum um tillögu til þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni meðal barna og ungmenna, ásamt áætlun fyrir árin 2026-2030, og lýsir yfir vilja til þátttöku í samráðinu. Nefndin hefur meðal annars það hlutverk að efla miðlalæsi og vernda börn á netinu. Í umsögninni er bent á mikilvægi þess að fræða börn og ungmenni um stafrænt umhverfi og hvernig þau geti orðið betur í stakk búin til að verjast kynferðislegri áreitni og ofbeldi á netinu.

Fjölmíðlanefnd hefur stýrt og tekið þátt í SAFT Netvís verkefninu, sem er samstarfsvettvangur um netöryggi barna á Íslandi. SAFT vinnur að vitundarvakningu um áskoranir og ógnir sem steðja að börnum vegna netnotkunar, þar á meðal kynferðisáreitni og ofbeldi. Fjölmíðlanefnd framkvæmir rannsóknir á netnotkun barna annað hvert ár og byggir fræðslustarf sitt á þeim niðurstöðum. Nefndin leggur áherslu á að ákvæði fjölmíðlalaga sem snúa að vernd barna séu skýr og að samstarf við netþjónustuveitendur og aðra aðila sé virkt til að sporna gegn miðlun ólöglegs og skaðlegs efnis til barna. Rík þekking er til staðar hjá Fjölmíðlanefnd sem nefndin telur að muni nýtast við undirbúning þingsályktunarinnar.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands fagnar áformum um tillögu til þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni meðal barna og ungmenna. Sambandið leggur mikla áherslu á verndun og velferð ungra iðkenda í íþróttahreyfingunni. ÍSÍ bendir á að mjög stór hluti barna og

ungmenna á Íslandi tekur þátt í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Mikil ábyrgð hvílir á íþróttahreyfingunni gagnvart þessum hópum og ljóst er hversu mikið er í húfi að tryggja öryggi og velferð þeirra. ÍSÍ hefur þegar unnið markvisst að forvörnum og mælt með og innleitt ákveðna þætti í starfi sínu, þar á meðal útgáfu námsefnis og fræðslu um virðingu og kynferðislega áreitni. Þrátt fyrir að ágætur árangur hafi náðst er talið að hægt sé að bæta og efla starfið enn frekar. Sérstaklega er mikilvægt að huga að því að námsefni henti ólíkum aldurshópum og að ferlar og viðbrögð séu skýr og samræmd. Í umsögninni er m.a. vísað til netnámskeiðs Æskulýðsvettvangsins, Verndum þau, sem er miðað við skólaumhverfi en ekki íþróttir og tómstundir. Fræðsla er talin mikilvægasti þátturinn í baráttunni, ásamt skýrum ferlum fyrir viðbrögð og úrlausnir, mikilvægt er að efnisinnihald námskeiðsins endurspegli einnig íþróttir og tómstundir barna.

Kennarasamband Íslands (KÍ)

KÍ styður heilshugar þau áform og verkefnaáætlun sem fram koma í tillögunni. Samtökin fagna fyrirhuguðu samráði við gerð nýrrar forvarnaáætlunar og hvetja til að leitað verði til allra hagaðila með sérþekkingu þeirra að leiðarljósi. KÍ bendir á niðurstöður rannsóknarinnar „Áfallasaga kvenna“ sem undirstrika mikilvægi slíkrar forvarnaáætlunar og nauðsyn þess að nýta alla þá þekkingu sem fyrir er til staðar. KÍ leggur ríka áherslu á að kynjafræði, hinseginfræði og menntun um birtingarmyndir kynbundins ofbeldis og samskiptafærni verði færð inn í námskrá grunn- og framhaldsskóla, en sú krafa rímar vel við ályktun frá 8. þingi Kennarasambands Íslands frá 2022. Jafnframt telur KÍ brýnt að efla jafnréttisnæmi meðal alls starfsfólks í skólum, þar sem meðvitund um hættu og þöggun ofbeldis er vakin og fólki gert kleift að byggja upp heilbrigða menningu með jafnrétti að leiðarljósi í starfi sínu með börnum og ungmennum.

Landssamtökin Proskahjálp

Landssamtökin Proskahjálp fagna þeim áformum sem eru til umsagnar og leggja ríka áherslu á réttinda- og hagsmunamál fatlaðs fólks, með sérstakri áherslu á fötluð börn og ungmenni. Samtökin byggja stefnu sína á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum fjölþjóðlegum mannréttindasamningum sem Ísland hefur skuldbundið sig til að framfylgja. Proskahjálp bendir á að rannsóknir sýna að fatlaðir einstaklingar eru í mun meiri hættu á að verða fyrir kynferðisofbeldi og áreitni en aðrir. Því leggja samtökin mjög mikla áherslu á að fullt tillit verði tekið til ákvæða samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks við framkvæmd áformanna. Landssamtökin Proskahjálp lýsa miklum vilja til virks og náins samráðs við dómsmálaráðuneytið um þetta mikilvæga verkefni.

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS)

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu lýsir ánægju með áframhaldandi markvissa vinnu við að efla velferð og farsæld barna með öflugu forvarnarstarfi. MMS fagnar þeirri þróun sem orðið hefur í kjölfar fyrri þingsályktunartillögu, sem hefur leitt til verulegrar aukningar á aðgengilegu námsefni fyrir öll skólastig, þar með talið nemendur á starfsbrautum. Þau fagna áformum um nýja þingsályktunartillögu, sem felur í sér áframhaldandi þróun og eflingu aðgerða sem mótaðar voru á árunum 2020-2025, og lýsa yfir vilja til frekara samstarfs. MMS leggur áherslu á mikilvægi áframhaldandi samstarfs og þátttöku félagasamtaka, stofnana og fagfólks við framkvæmd verkefnaáætlunarinnar. Þau benda jafnframt á að

efni forvarnaráætlunarinnar samræmist lögum um farsæld barna, sem kveða á um að öll börn eigi rétt á þeirri þjónustu sem þau þurfa, þegar hennar er þörf. Loks telur MMS mikilvægt að halda áfram að efla inngildandi skólastarf til að fyrirbyggja og veita markvissan stuðning við börn, sérstaklega þau sem hafa upplifað kynbundið eða kynferðislegt ofbeldi.

Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins (RGR)

RGR lýsir yfir stuðningi við þau áform sem birt eru og þá verkefnaáætlun sem undirbyggja á nýja forvarnaráætlun. RGR býður fram þekkingu sína og reynslu í vinnu með fötluðum börnum og ungmennum, sérstaklega varðandi íhlutunarleiðir. RGR tekur fram að rannsóknir sýna að fötluð börn og ungmenni eru í um það bil fimm sinnum meiri áhættu á kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi en önnur börn. Þeir telja brýnt að ávarpa þá þætti sem gera fatlað börn berskjaldaðri og bregðast við þeim. RGR leggur áherslu á mikilvægi samstillts átaks allra sem veita þessum börnum og fjölskyldum þjónustu, aukinnar meðvitundar um forvarnarvinnu og að tryggt sé að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sé hafður að leiðarljósi. RGR hefur um árabíl staðið fyrir námskeiðum um kynheilbrigði og hagnýtar aðferðir í fræðslu sem og forvarnir gegn kynferðisofbeldi fyrir starfsfólk.

Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF)

SÍF fagnar þessum áformum og telur þau mikilvægan lið í að lækka tíðni kynferðislegs og kynbundins ofbeldis og áreitni. Samtökin lýsa ánægju sinni með áherslu verkefnisáætlunar á samráð við félagasamtök, stofnanir og fræðifólk, og telja að þetta muni tryggja að verkefnisáætlunin og þingsályktunin verði með fjölbreyttar áherslur og nái sem mestum árangri. SÍF bendir á mikilvægi þess að halda áfram með og efla aðgerðirnar sem voru gerðar árin 2021-2025, sérstaklega eflingu kynjafræðikennslu. SÍF hefur lengi barist fyrir því að gera kynjafræði að skyldu í framhaldsskólum vegna mikilvægis hennar í baráttunni gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.

Samskiptaráðgjafi íþróttar- og æskulýðsstarfs

Samskiptaráðgjafi íþróttar- og æskulýðsstarfs fagnar áformum dómsmálaráðuneytisins um nýja þingsályktunartillögu og aðgerðaáætlun um forvarnir. Hann telur slíka heildræna nálgun nauðsynlega til að tryggja öryggi barna og ungmenna í samfélaginu og stuðla markvisst að menningu virðingar og jafnréttis. Ráðgjafinn telur afar mikilvægt að í nýrri áætlun sé tekið mið af því að stór hluti barna og ungmenna á Íslandi tekur þátt í skipulögðu íþróttar- og æskulýðsstarfi, þar sem tengsl og traust myndast. Hann leggur áherslu á að bæta verklagsreglur og tryggja faglega viðbragðsáætlun til að tryggja samræmd viðbrögð á landsvísu ef upp koma mál er varða kynferðislegt eða kynbundið ofbeldi og áreiti. Sérstaklega er brýnt að ný áætlun taki mið af þróun rafræns ofbeldis, svo sem hefndarkynlífsefni og óumbeðnar skilaboðasendingar. Þá er nauðsynlegt að ungmenni eigi fullgildan þátt í þróun forvarnaráætlunarinnar, þar sem reynsluheimur þeirra og sýn eru lykilatriði. Loks telur hann mikilvægt að framkvæmd nýrrar áætlunar innihaldi gæðamat og eftirfylgni.

Stígamót

Stígamót lýsa yfir stuðningi við áformin og verkefnaáætlunina til að nýta samráð í undirbúningi nýrrar forvarnaráætlunar. Samtökin lýsa sig tilbúin til að miðla umfangsmikilli þekkingu og reynslu sinni, sem felur í sér gagnaöflun um lýðfræði, einkenni og afleiðingar kynbundins og kynferðislegs ofbeldis.

Stígamót hafa um árabíl rekið forvarnarverkefnið „Sjúk ást“ í samstarfi við félagsmiðstöðvar, sveitarfélög, ríki og skóla. Þá hafa þau, samkvæmt samningi við stjórnvöld, rekið nafnlaust spjall, „Sjúkt spjall“, þar sem ungt fólk getur skrifast frjálsglega á við ráðgjafa um hvaðeina sem þau vilja ráðgjöf með, sem er viðbót við hefðbundna ráðgjafapjónustu og sjálfshjálparhópa.

Ungmennafélag Íslands (UMFÍ)

UMFÍ fagnar áformum um áframhaldandi forvarnarstarf gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni og leggja sérstaka áherslu á að nýta þau úrræði, verkfæri og tól sem þegar eru til staðar og hafa sannað gildi sitt í starfi. UMFÍ mælir með því að netnámskeið Æskulýðsvettvangsins, sem fjallar um viðbrögð við grun um einelti, ofbeldi, áreitni og vanrækslu gegn börnum, verði nýtt sem grunnur í fræðslu fyrir alla sem starfa með börnum og ungmennum. Þá minna UMFÍ á samræmda viðbragðsáætlun sem kom fyrst út 2022 en er í stöðugri endurskoðun. Þá leggja þau til að Abler-skilaskýrslukerfið verði styrkt og þróað áfram sem miðlæg gátt fyrir skráningu upplýsinga um fræðslu, sakavottorð og aðrar sambærilegar upplýsingar. Mikilvægt er einnig að styrkja starf samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs, en fjöldi mála sem berst hefur aukist ár frá ári, sem bendir til mikillar þarfar og virkni úrræðisins. UMFÍ telur að með því að nýta þessi fyrirbyggjandi úrræði sé hægt að tryggja öryggi barna og ungmenna á skilvirkan, hagkvæman og faglegan hátt.

Æskulýðsvettvangurinn

Æskulýðsvettvangurinn fagnar því að stjórnvöld leggi áherslu á forvarnir til að fyrirbyggja kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni og draga úr skaða slíkrar háttsemi. Vettvangurinn telur afar mikilvægt að stuðla að heilbrigðu og uppbyggjandi umhverfi fyrir börn og ungmenni. Æskulýðsvettvangurinn lýsir sig tilbúinn til að miðla þeirri kunnáttu sem hann býr yfir, sérstaklega vegna námskeiðsins „Verndum þau“ sem hefur verið haldið frá árinu 2010 og fjallar um hvernig bregðast skal við grun um ofbeldi og vanrækslu gegn börnum og ungmennum. Vettvangurinn gerir þá kröfu að allt starfsfólk og sjálfboðaliðar í aðildarfélögum hans, sem vinna með börnum, skuli hafa lokið þessu námskeiði.

ÖBÍ - réttindasamtök (ÖBÍ)

ÖBÍ fagnar allri markvissri vinnu sem stuðlar að velferð og velsæld barna, jafnt fatlaðra og ófatlaðra. Samtökin benda á, samkvæmt íslenskum og erlendum rannsóknum, að fatlað fólk er í sérstökum áhættuhópi sem þolendur ofbeldis. Sérstaklega er bent á að ungar fatlaðar konur eru líklegri til að verða fyrir kynferðisbroti og að fötluð börn eru allt að 4,6 sinnum líklegri en ófötluð börn til að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi. ÖBÍ telur afar brýnt að uppræta ofbeldi gegn börnum og undirstrikar mikilvægi þess að hafa í huga að fötluð börn eru sérstaklega viðkvæmur hópur. Þess vegna hvetur ÖBÍ til þess að sérstaklega verði hugað að réttindum fatlaðra barna og ungmenna í áætluninni.